

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 47. fundur.

að Hlíðavegi 6, 25.11. 2004, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.
3. Tillögur sameininganefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.
4. Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps um leyfisbeiðni Landsvirkjunar til rannsókna á jarðhita við Gjástykki. Ennfremur óskar Landsvirkjun eftir fyrirheiti um forgang að nýtingarleyfi á svæðinu.
5. Beiðni landbúnaðarráðuneytisins um umsögn sveitarstjórnar að taka túnspildu úr ábúð í landi Stangar 1.
6. Ákvörðun útsvarsprósentu 2005.
7. Slysatiðni á vegamótum Þjóðvegur 1 og vegar 85 í Mývatnssveit.

#### Til kynningar:

- a) Bréf Ásdísar Illugadóttur um aðstöðu til sjúkraþjálfunar í Mývatnssveit.
- b) Afrit af bréfi LEX ehf, lögmannsstofu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna rannsókna í Gjástykki.
- c) Bréf Tónlistarskólans á Akureyri, þar sem fram kemur að Akureyrarbær hyggst hætta að greiða kostnað vegna nemenda í Tónlistarskólanum sem ekki eiga lögheimili á Akureyri.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Lagt var til að 7. máli yrði bætt á dagskrá.

## 2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.

Sveitarstjóri lagði fram tillögur að eftirfarandi breytingum á fjárhagsáætlun:

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2004

Tekjur		
00-01	Útsvör	5.500.000
00-10	Framlög úr Jöfnunarsj.	6.000.000
00-30	Aðrir skattar og gj	- 600.000
		10.900.000
Gjöld		
04.	Fræðslumál	- 1.000.000
06.	Íþrótt- og æskulýðsmál	200.000
10.	Umferðar og samgöngumál	800.000
13.	Atvinnumál	500.000
21.	Sameiginlegur kostn	500.000
		1.000.000
	tekjur aukast umfram útgj.	9.900.000

Samþykkt samhljóða.

## 3. Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.

Haldnir hafa verið tveir fundir með sveitarstjórnunum í héraði um þessi mál.

Hinn 16. nóv. var sameiginlegur fundur þeirra fimm sveitarstjórna sem sameiningarnefnd gerði tillögu um að- sameinuðust, þ.e. Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Húsavíkurbær, Tjörneshrepps og Kelduneshrepps. Á þeim fundi kom fram vilji a.m.k. þriggja þessara sveitarfélaga til stærri sameiningar en tillagan gerði ráð fyrir.

Ósk barst frá sveitarstjórnunum Raufarhafnar- og Öxafjarðahrepps um að efna til fundar með öllum sveitarstjórnunum í Þingeyjarsýslu þar sem rætt yrði um að sameina öll sveitarfélög í sýslunni í eitt. Fundur var því haldinn 20. nóv. á Húsavík þar sem fulltrúar allra sveitarfélaga í sýslunni mættu utan Þórshafnar en sveitarstjórn Þórshafnar hafði sent boð um að þar væri ekki áhugi fyrir þátttöku í svo stórrí sameiningu.

Á fundinum kom fram eindregin vilji fimm sveitarfélaga þ.e.

Skútustaðahrepps, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Raufarhafnar- og Öxafjarðahrepps að leggja til við sameiningarnefndina að þessi sveitarfélög sameinuðust auk Aðaldælahrepps og Tjörneshrepps. Rétt er að taka fram að fulltrúar Aðaldælahrepps töldu að ekki stæði vilji til slíkrar sameiningar að óbreyttu hjá íbúum í sveitarfélaginu. Hins vegar kynni að vera til staðar vilji til sameiningar við Þingeyjarsveit og Skútustaðhrepp. Fulltrúi Tjörneshrepps lýsti ekki afstöðu til málsins þar sem það hefði ekki verið rætt í sveitarstjórn. Enn fremur kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna fimm að þau teldu enn aukinn styrk felast í sameiningunni ef Þingeyjarsveit sameinaðist einnig fyrirhuguðu sveitarfélagi. Fulltrúar Aðaldælinga tóku undir þau sjónarmið. Eins og kunnugt er hefur meirihluti sveitarstjórnar Þingeyjasveitar beðist undan að

taka þátt í sameiningu nú en minnihluti sveitarstjórnar lagt ríka áherslu á að íbúar Þingeyjarsveitar fengju að tjá sig um málið með þátttöku í kosningum.

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir samhljóða að leggja til við nefnd um sameiningu sveitarfélaga að Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxaffjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur verði sameinaðir í eitt sveitarfélag. Enn fremur að nefndin hugleiði alvarlega að gera tillögu um að Þingeyjarsveit verði aðili að þessari stóru sameiningu. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur mun líklegra að sameining sveitarfélaga nái fram að ganga verði gerð tillaga um að öll þessi sveitarfélög sameinist í eitt.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur margt hagræði felast í svo stórri sameiningu. Sveitarfélögin reka í dag ýmsa sameiginlega starfsemi svo sem félags- og skólaþjónustu, standa saman að safnamálum, reka sameiginlegt sorpsamlag (öll framgreind sveitarfélög taka raunar ekki þátt í þeim rekstri) sameiginlega öldrunaþjónustu að stærstum hluta. Þá starfar Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á svæðinu.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur jafnframt að ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum svo sem gerð Vaðlaheiðarganga verði betur borgið með sameiningu sveitarfélaganna en án. Þá bendir sveitarstjórn jafnframt á að ávinningur af hugsanlegri stóriðju við Húsavík og orkuöflun í tengslum við hana komi í hlut allra íbúa á svæðinu og því líklegt að meiri og öflugri stuðningur við slíka starfsemi verði fyrir hendi.*

*Enn fremur telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að með svo víðtækri sameiningu sveitarfélaga verði íbúar betur settir til að bregðast við vanda sem kann að stöðja að á einstökum svæðum sem og sterkari til sameiginlegrar sóknar.*

4. **Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar Skútustaðahrepps um leyfisbeiðni Landsvirkjunar til rannsókna á jarðhita við Gjástykki. Ennfremur óskar Landsvirkjun eftir fyrirheiti um forgang að nýtingarleyfi á svæðinu.**

Vegna þessa erindis hefur borist afrit af bréfi LEX ehf, lögmannsstofu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra þar sem athugasemdir eru gerðar við erindi Iðnaðarráðuneytisins. Bréf Lex ehf lagt fram til kynningar.

Í ljósi óvissu um málið og fram kominna athugasemda frestar sveitarstjórn afgreiðslu erindisins og mun frekari upplýsinga verða aflað.

5. **Beiðni landbúnaðarráðuneytisins um umsögn sveitarstjórnar að taka tónspildu úr ábúð í landi Stangar 1.**

Örlítillar misvísunar gætir í erindinu. Landbúnaðarráðuneytið hefur ekki óskað sérstaklega eftir umsögn sveitarstjórnar. Samkv. 6. gr. jarðarlaga skal umsögn sveitarstjórnar fylgja umsókn um að leysa land úr landbúnaðarnotum. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við að land það sem sýnt er á uppdraetti gerðum af Guðmundi Helga Gunnarssyni í sept 2004 af landi Stangar verði leyst úr landbúnaðarnotum

6. **Ákvörðun útsvarsprósentu 2005.**

Oddviti gerði tillögu um að útsvarsprósenta ársins 2005 verði 13,03%.

Samþykkt samhljóða.

**7. Slysatiðni á vegamótum Þjóðveggar 1 og vegar 85 í Mývatnssveit.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps vill vekja athygli Vegagerðarinnar á vaxandi tíðni óhappa á mótum Þjóðveggar 1 og vegar 85 í Mývatnssveit. Óskað er eftir að Vegagerðin hugi að úrbótum.

**Lagt fram til kynningar:****a) Bréf Ásdísar Illugadóttur um aðstöðu til sjúkraþjálfunar í Mývatnssveit.**

Samþykkt að vísa bréfinu til íþróttá- og æskulýðsnefndar og forstöðumanns íþróttamiðstöðvar til athugunar.

**b) Afrit af bréfi LEX ehf, lögmannsstofu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna rannsókna í Gjástykki.**

**c) Bréf Tónlistarskólans á Akureyri, þar sem fram kemur að Akureyrarbær hyggst hætta að greiða kostnað vegna nemenda í Tónlistarskólanum sem ekki eiga lögheimili á Akureyri.**

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.